Minnisblað

Reykjanesbæ 18.júní 2021

Á 149. fundi íþrótta- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar var tekið fyrir erindið;

*,,Lengri opnunartími í sund (2021030215)*

*Íþrótta- og tómstundaráð Reykjanesbæjar hefur að undanförnu fengið fjölmargar áskoranir um að lengja opnunartímann í Sundmiðstöð Reykjanesbæjar. Á síðasta fundi Ungmennaráðs Reykjanesbæjar vöktu þau einnig athygli á opnunartímanum.*

*Að auki er Hafsteini Ingibergssyni forstöðumanni íþróttamannvirkja falið að kanna hver kostnaðurinn myndi vera að auka opnunartímann enn frekar, þannig að hann samræmist opnunartíma hjá sambærilegum sveitarfélögum. Hafsteini er falið að skila tillögum þess efnis til íþrótta- og tómstundaráðs sem fyrst.“ tilvitnun lýkur.*

*Hafsteinn Ingibergsson forstöðumaður íþróttamannvirkja Reykjanesbæjar hefur reiknað út tveir leiðir til að auka opnunartímann.*

*Leið I – aukinn opnunartími um helgar allt árið til kl. 20.00, áætlaður kostnaður um 20.000.000 kr. Ef að leið I verður fyrir valinu þá þarf að breyta núverandi vaktakerfi verulega.*

*Leið II – aukinn opnunartími frá 01. maí – til loka ágúst til kl. 20.00 um helgar, áætlaður kostnaður um 10.000.000 kr.*

*Miðað er við, ef að fjárheimild fæst að aukinn opnunartími tæki gildi sumarið 2022.*

*Virðingarfyllst,*

______________________________

*Hafsteinn Ingibergsson*
*forstöðumaður íþróttamannvirkja*